

Ed.

24. Frumvarp til laga

[24. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum sbr. lög nr. 33/1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr. og orðist svo:

Umsjónarnefnd skv. 12. gr. er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabíl. Skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris er, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist svo:

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt lögum þessum og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimanna-sambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1976—1979 greidd sérstök uppbót umfram það, sem kveðið er á um í 8. gr., þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. mgr. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta 1. janúar og 1. júlí 1976 og 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert 1977—1979, í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa. Gjöld til uppbótargreiðslna þessara skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að ofangreindu samkomulagi og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram 4% af iðgjaldatekjum sínum hvert ár um sig. Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárens milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Um-

sjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

Lífeyrishækkunar, greiddar árin 1976—1979 af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málsg., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé að ræða hækkunar, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru að dómi umsjónarnefndar eftirlauna hliðstæðar uppbótargreiðslum samkvæmt 1. málsg.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um makalífeyri gilda frá 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum sbr. lög nr. 33/1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tíð mál, að brýna nauðsyn bæri til að setja lög um breyting á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, sbr. lög nr. 33/1976. Sé þetta gert í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál, sem heildarlaun í þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 22. júní 1977, þar sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér samkomulag um málefni lífeyrissjóða á samningssviði þeirra, þess efnis að lífeyrir lífeyrisþega, sem rétt eiga til slíks skv. lögum nr. 63/1971, verði árin 1977—1979 verðtryggður með greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri og verði útgöld vegna uppbótargreiðslna þessara borin af þeim lífeyrissjóðum, sem í hlut eiga. Enn fremur skortir í lögum nr. 63/1971 ákvæði er heimili greiðslu maka-lífeyris til fólks, sem búið hefur saman ógift svo árum skipti, og sé brýnt að setja slík heimildarákvæði.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 3. gr. bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr. og orðist svo:
Umsjónarnefnd skv. 12. gr. er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabíl. Skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris er, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist svo:
Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt lögum þessum og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimanna-

sambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1976—1979 greidd sérstök uppbót umfram það, sem kveðið er á um í 8. gr., þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. mgr. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta 1. janúar og 1. júlí 1976 og 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert 1977—1979, í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa. Gjöld til uppbótargreiðslna þessara skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að ofangreindu samkomulagi og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, skal leggja fram 4% af iðgjaldatekjum sínum hvert ár um sig. Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárens milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna féлага. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

Lífeyrishækkanir, greiddar árin 1976—1979 af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málsgr., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé að ræða hækkanir, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru að dómi umsjónarnefndar eftirlauna hliðstæðar uppbótargreiðslum samkvæmt 1. málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um makalífeyri gilda frá 1. janúar 1977.

Gjört í Reykjavík 28. júní 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.